

Efni: 277. mál,

Framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025–2028

Í hnotskurn

Samtökin '78 fagna því framtaki ríkisstjórnar að setja framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum á dagskrá. Einnig ber að fagna að í greinargerð dómsmálaráðherra sé sérstaklega minnst á hinsegin fólk og þá sér í lagi í aðgerð 31 um uppfærslu á gátlista Miðstöðvar menntunar og þjónustu.

Hinsvegar er ljóst að í öðrum aðgerðum er ábótavant að gert sé sérstaklega grein fyrir hinsegin fólki. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir þátttöku Samtakanna '78 í þessum aðgerðum en aðkoma hagsmunafélags hinsegin fólks er nauðsynleg til þess að þessi markmið skili tilætluðum jafnréttisáhrifum inn í samfélagið. Einnig benda gögn úr samstarfsverkefni Samtakanna '78 og Reykjavíkurborgar, rannsóknin *Heilsa og líðan hinsegin fólks*, á það að hinsegin fólk sé líklegra til þess að verða fyrir ofbeldi og upplifa áfallastreituröskun, síþreytu, kvíða o.s.frv. en þau sem ekki eru hinsegin. Einnig eru vísbendingar um það að hinsegin ungmennum líði verr í skólum en jafnöldrum þeirra sem eru ekki hinsegin. Framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum þurfi að taka utan um allt hinsegin fólk, þ.e. konur, karla, og kynsegin fólk í áætluninni svo af verði raunverulegur ávinningur og allir hópar samfélagsins njóti góðs af.

Athugasemdir við einstakar greinar

A. KYN, ÁHRIF OG ÞÁTTTAKA

Aðgerð 7 um jafnrétti í íþróttaumfjöllun í fjölmiðlum.

Samtökin '78 leggja til að haft verði í huga staða kynsegin fólks einnig, sem og að gætt sé fjölbreytni í vali á viðmælendum. Til að mynda voru aðeins tvö sem kepptu í kváraflokk í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka, og greinilegt að fyrirmyndir eru fáar. Vísbendingar eru um það að brottfall hinsegin ungmenna úr skipulögðu íþróttastarfi sé sérstaklega hátt, sem þurfi að kanna betur og leggja fjármagn í.

Aðgerð 8 um jafnrétti í fjölmiðlaumfjöllun.

Samtökin '78 leggja til að haft verði í huga staða kynsegin fólks í þessu samhengi, sem og að gætt sé fjölbreytni í vali á viðmælendum með hinseginleikann að leiðarljósi, þar sem umfjöllun um hinsegin fólk í fjölmiðlum er oft einsleit eða neikvæð.

Aðgerð 9 um jafnrétti og gervigreind

Í greinargerð með aðgerð 9 segir að kerfi sem byggjast á gervigreind geti ýtt undir eða viðhaldið kynjaskekkju, og því fullt tilefni til þess að sérstaklega sé passað upp á málefni hinsegin fólks. Vegna sögulegrar jaðarsetningar og þeirra áskorana sem hinsegin fólk mætir í nútímanum er hætta á því að kerfi sem nýta sér gervigreind séu búin til og notuð í óþökk hinsegin fólks. (1) Einnig hafa hefðbundnar hugmyndir um kynin ekki aðeins áhrif á hugmyndir um hlutverk kvenna heldur einnig um hinsegin fólk. Sér í lagi bitnar tvíhyggju-greining gervigreindar á trans fólki. Fáar rannsóknir eru til um áhrif gervigreindar á réttindi hinsegin fólks og viðhorf og Samtökin '78 kalla því eftir því að hinsegin fólk verði ekki skilið eftir í þessari aðgerð stjórnvalda og fjármagn.

C. JAFNRÉTTI Á VINNUMARKAÐI OG KYNBUNDINN LAUNAMUNUR

Aðgerð 18 um rannsókn á launamun kynjanna.

Samtökin '78 hvetja stjórnvöld til þess að leggja áherslu á hinsegin fólk í þessum lið, þar sem skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands leiddi það í ljós að það er kynhneigðarbundinn launamunur til staðar á Íslandi (2). Það er því fullt tilefni til þess að rannsaka launamun hinsegin fólks sérstaklega í þessum lið og ástæður hans.

D. KYNBUNDIÐ OG KYNFERÐISLEGT OFBELDI

Aðgerð 22 um áfallamiðaða nálgun í réttarvörslukerfinu og þarfir kvenna í fangelsum.

Samtökin '78 fagna þessari aðgerð og lýsa yfir vilja til þess að semja um fræðslu innan Fangelsismálastofnunar um hinsegin konur og karla í fangelsum, en sértækur hópur hinsegin fólks, trans fólk, er sérstaklega útsett fyrir áföllum á lífsleiðinni og mikilvægt að starfsfólk fangelsanna hugi að þörfum þeirra. Einnig hafa Samtökin '78 ekki frætt innan Fangelsismálastofnunar síðan 2023.

E. JAFNRÉTTI Í MENNTUN OG ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI

Aðgerð 28 um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

Samtökin '78 fagna þessu markmiði og minna á gríðarlegt mikilvægi þess að hinsegin mál séu tekin inn í jafnréttisfræðslu. Frumgögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni sýna skýrt að hinsegin ungmennum líði sérstaklega illa í skólanum og stundi skólaforðun.

Aðgerð 29 um þekkingu starfsfólks í framhaldsskólum á sviði kynja- og jafnréttisfræða.

Samtökin '78 minna enn og aftur á mikilvægi þess að saga, málefni og menning hinsegin fólks séu tekin inn í kynja- og jafnréttisfræðslu, og málefni hinsegin fólks séu til hliðsjónar í öllu slíku fræðsluefni. Vanþekking og fordómar bitna ekki aðeins á hinsegin nemendum innan framhaldsskólanna heldur einnig starfsfólki sem er hinsegin.

F. ALÞJÓÐASTARF

Aðgerð 37 um málsvvarastarf og aðgerðir Íslands á alþjóðavettvangi í þágu kynjajafnréttis.

Bakslag í jafnréttismálum hefur bitnað einna helst á hinsegin konum, þar með talið trans konum. Samráð, jafnréttisverkefni, málsvvarastarf og áhersla verður að vera málefni allra kvenna, líka hinsegin kvenna. Samtökin '78 lýsa yfir vilja til þess að koma að þessari aðgerð sérstaklega þar sem samtökin búa yfir þekkingu um þróun bakslags og réttinda hinsegin fólks alþjóðlega.

Undiritað f.h. Samtakanna '78



Bergrún Andradóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri

Heimildir:

- (1) Fairness for Unobserved Characteristics:
Insights from Technological Impacts on Queer Communities <https://arxiv.org/pdf/2102.04257>
- (2) Hinsegin fólk á vinnumarkaði <https://ioes.hi.is/sites/ioes.hi.is/files/2023-11/R2301.pdf>
- (3) Heilsa og líðan hinsegin fólks
<https://samtokin78.is/ny-rannsokn-heilsa-og-lidan-hinsegin-folks-verri-en-annarra/>